

Selfossi, 7. febrúar 2014

1312001SA ÞH

Alþingi nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/996
komudagur 7.2.2014

Efni: Umsögn SASS um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2014 - 2017

Stjórn SASS hefur samþykkt efirfarandi umsögn:

1. Ekkert samráð hefur verið haft við sveitarfélögin eða samtök þeirra við undirbúning tillögunnar þrátt fyrir að í athugasemdum með tillögunni komi fram að „stefnt sé að því að núverandi sóknaráætlanir landshluta verði farvegur fyrir samstarf ríkis og sveitarfélaga um framkvæmd byggðaáætlunar“. Árangurrikara hefði verið að hafa samráð við sveitarfélögin og samtök þeirra frá upphafi við gerð byggðaáætlunarinnar.
2. Meginfalli fyrri byggðaáætlana hefur verið að þær hafa aðeins verið vel meintar viljayfirlýsingar án aðgerðaáætlunar og skuldbindingar ríkisins um framkvæmd aðgerða. Það virðist einnig gilda um þessa tillögu. Tillögur um aðgerðir í þessari tillögu eru ómarkvissar og óljósar. Þá bendir stjórn SASS að engin tilraun virðist hafa verið gerð til að meta árangur síðustu byggðaáætlunar. Örlög þessarar byggðaáætlunar, ef hún verður samþykkt óbreytt, verða því þau sömu og síðustu áætlunar; hún dagar uppi og gleymist.
3. Þar sem það er afdráttarlaus skoðun stjórnar SASS að umskrifa þurfi alla áætlunina er ekki farið í efnislegar athugasemdir eða breytingar á orðalagi og innhaldi tillögunnar. SASS leggur áherslu á að byggðaáætlun fylgi nákvæmur aðgerðalisti í samræmi við markmið hennar, mælikvarðar settir til að fylgjast með árangri og áætlunin endurskoðuð að tveimur árum liðnum. Jafnframt verður, samhliða samþykkt byggðaáætlunar, að samþykkja nauðsynleg þingmál til að tryggja framgang hennar. Þá leggur SASS áherslu á að sóknaráætlanir landshluta verði skilgreindar sem hluti byggðaáætlunar og jafnframt verkaskipting sóknaráætlunar-svæðanna, Byggðastofnunar og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis.



Þá er brýnt að ætla sóknaráætlunum landshlutanna nauðsynlegt fjármagn en eins og kunnugt er voru framlög til þeirra skorin niður við samþykkt fjárlaga í desember sl.

4. Í ljósi ofangreindra athugasemda leggur stjórn SASS til að tillagan verði dregin til baka og vinna hafin að nýju í samráði við sveitarfélögin og samtök þeirra og hugsanlega fleiri aðila. Ný tillaga verði í framhaldi af því lögð fyrir Alþingi.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS

Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri.

Afrit:
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Byggingastofnun